

# Skýrsla Æskulýðsnefndar Borgfirðings 2019



Hjá Hestamannafélaginu Borgfirðing hefur margt skemmtilegt verið brallað á árinu, við hjá æskulýðsnefndinni byrjuðum veturinn á því að bjóða upp á páskabingu, bingóið var opið fyrir alla hvort sem það voru félagar í Borgfirðing eða ekki. Fyrirtæki á svæðinu voru mjög dugleg að styrkja okkur og fengum við fullt af mögnuðum vinningum. Á bingó kvöldinu voru veitt hvattningarverðlaun Borgfirðings og að þessu sinni var það Kolbrún Katla Halldórsdóttir 12 ára sem hlaut þau, en hún stóð sig mjög vel á keppnisvellingum á síðasta ári.



Gott samtarf hefur myndast við Hauk og Randi í Skáney og héldu þau í samstarfi við Borgfirðing knapamerkja námskeið , krakkánámskeið fyrir yngstu kynslóðin og svo hafa þau boðið upp á krakkahelgi þar sem krakkar koma og gista 2nætur, hefur þetta fyrirkomulag notið mikilla vinsældar hjá krökkum á svæðinu og verið mjög vel sótt.



Fengum við Flosa Ólafsson að halda reiðnámskeið fyrir krakka sem voru lengra komnir, kom hann einu sinni í viku í fimm skipti og kenndi í einkatímum svo hver og einn fengi sem mest út úr kennslunni.

Heiða Dís Fjeldsteð var svo með reiðnámskeið í Borgarnesi fyrir yngri krakka sem voru aðeins vön, fór að það fram bæði inn í reiðhöll og úti í reiðtúrum og var gaman að sjá hvað krakkarnir efldust mikið á nokkrum skiptum, sum þeirra höfðu aldrei farið út í reiðtúr eða riðið ein í reiðtúrum en eftir þessu nokkur skipti var eins og þau hefðu ekki gert annað :)

Öll mót sem félagið heldur er alltaf boðið upp á pollaflokk og fá þau verðlaunapening fyrir sína sýningu í lokin, þetta heldur líka foreldrunum í ágætis formi að fá að skokka nokkra hringi í reiðhöllinni eða á vellinum



Svo má að sjálfsögðu ekki gleyma páskeggjaleitinni sem alltaf jafn vinsæl, málaðir steinar eru faldir fyrir utan reiðhöllina og við keppnisvöllinn og fyrir að finna málaðan stein fengu þau eitt páskaegg :)



Æskulýðsnefnd Borgfirðings 2019

Randi Holaker

lðunn Svansdóttir

Fjola Guðjónsdóttir

Valgerður Björnsdóttir

Rebecca Dorn